

Ytra mat grunnskóla

# Brúarásskóli

september 2018

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir  
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Fljótsdalshérað

Höfundar: Hanna Hjartardóttir og Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir

© Menntamálastofnun, 2018.

ISBN 978-9979-0-2304-3

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Samantekt niðurstaðna .....	4
Skólaprófill.....	7
Upplýsingar um Brúarásskóla .....	8
Niðurstöður .....	9
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta .....	9
1.1 Faglegt samstarf og samræða .....	9
1.2 Samvirkni í stefnumótun .....	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu .....	10
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga .....	10
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	10
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	11
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna .....	11
Þáttur 2 – Nám og kennsla .....	13
2.1 Inntak og námskrá .....	13
2.2. Árangur náms .....	13
2.3 Gæði kennslu .....	15
2.4 Skipulag náms.....	16
2.5 Námsvitund .....	17
2.6 Ábyrgð og þátttaka .....	17
Þáttur 3 – Innra mat .....	19
3.1 Skipulag.....	19
3.2 Framkvæmd.....	19
3.3 Umbætur .....	19
Þáttur 4 – Skólabragur.....	21
4.1 Stefna og viðhorf .....	21
4.2 Líðan nemenda .....	21
4.3 Nemendalýðræði.....	21
4.5 Verklagsreglur og áætlanir .....	21

## Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Brúarásskóla sem fór fram á haustönn 2018. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla, innra mat* og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þáttur *skólabragur*.

### Helstu styrkleikar í stjórnun

- Skólastjóri hefur miklar væntingar til náms nemenda og hvetur kennara til að vera stöðugt að þróa kennsluhætti sína og bæta gæði náms.
- Skólastjóri vinnur markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu.
- Með Brúarverkefni er skapað svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun.
- Faglegir samstarfsfundir eru haldnir reglulega þar sem fram fer gagnrýnin samræða um starfshætti.
- Stuðlað er að góðum samskiptum við foreldra m.a. með reglubundnum heimsóknum foreldra í lok hverrar spannar og með árlegri menningarferð til Akureyrar.
- Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild
- Skólastjóri byggir upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, bæði formleg og óformleg.
- Á heimasíðu kemur fram að skólinn á fjölbreytt samskipti við grenndarsamfélagið svo sem tónlistarskólann, vinaskóla í Færeyjum, aðra grunnskóla á Héraði, framhaldsskóla og ungmennafélagið Ásinn.
- Sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans eins og fram kemur í könnunum í Skólapúlsi.

### Helstu tækifæri til umbóta í stjórnun

- Gera skólanámskrá þannig að hún uppfylli öll viðmið aðalnámskrár.
- Birta kennsluáætlanir/árgangaáætlanir á heimasíðu.
- Fjölga almennum starfsmannafundum.
- Sjá til þess að nemendur í skólaráði séu kosnir til tveggja ára og séu virkir í starfi skólaráðs, m.a. með setu á öllum fundum ráðsins.
- Að skólaráð setji sér vinnuáætlun.
- Að skólaráð haldi einn opinn fund á ári fyrir hagsmunaaðila sbr. reglugerð þar um.
- Að stjórnendur fylgist reglulega með kennslu með það að markmiði að veita endurgjöf.
- Gera grein fyrir í skólanámskrá hvernig brugðist er við niðurstöðum skimana og mats.

### Helstu styrkleikar í námi og kennslu

- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum og hæfileikum nemenda.
- Kennsluáætlanir hverrar spannar eru sendar til foreldra og því aðgengilegar bæði nemendum og foreldrum.
- Í könnunum Skólapúlsins sést að líðan nemenda í skólanum er mjög góð.
- Foreldrar geta fylgst með framvindu náms barna sinna í hæfnikortum í Mentor.
- Kennarar sýna fagmennsku í kennslu og bekkjarstjórn.

- Kennsluhættir eru fjölbreyttir, verkefni mörg samþætt og heildstæð; Brúarverkefni.
- Áhugasvið og hæfileikar nemenda koma fram í verkefnum nemenda ekki síst í þeim spönnum sem þeir hafa frjálst val.
- Nemendur fá tækifæri til að kynna verkefni sín á fjölbreyttan hátt.
- Nemendum gefst á ýmsan hátt tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Nemendasamtöl, þar sem umsjónarkennari ræðir einslega við nemanda um nám og líðan, eru a.m.k. tvisvar á hverju skólaári.
- Kennarateymi vinna saman að skipulagi náms.

#### Helstu tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Láta koma fram í áætlunum hvernig grunnþættir menntunar fléttast inn í faglegt starf skólans.
- Finna lausn á því að bæta árangur nemenda í kjarnagreinum sbr. niðurstöður samræmdra könnunarprófa.
- Huga að því að fjölga kennslustundum þar sem samvinna og samstarf nemenda er markvisst nýtt.
- Efla umræður og skoðanaskipti í námi.
- Bæta tölvubúnað skólans og endurnýja tæki í verknámsstofum.
- Gera nemendum betur ljós markmið hvernar kennslustundar.
- Huga að því að nemendur komi að gerð einstaklingsnámskrár þegar við á.
- Greina frá því í kennsluáætlunum hvernig námsaðlögun er háttað.
- Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá (ekki eingöngu á Mentor).
- Sýna fram á hvernig viðmiðum um kennsluskyldu skv. aðalnámskrá í hverju fagi er mætt.

#### Helstu styrkleikar í innra mati

- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram reglulega.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Hagsmunaaðilar geta haft áhrif á innra mat skólans í gegnum skólaráð.
- Sjálfsmatsskýrsla liðins árs er til staðar.
- Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar hagsmunaaðilum.

#### Helstu tækifæri til umbóta í innra mati

- Gera árlega áætlun um innra mat þar sem fram kemur hverjir taka þátt, tímasetningar, leiðir, markmið, ábyrgðaraðilar og viðmið um árangur.
- Gera langtímaáætlun í innra mati (3-5 ár).
- Finna leiðir til að meta reglulega sérstöðu skólans.
- Virkja betur skólaráðið sem innra mats teymi við ákvarðanatöku um innra mat.
- Nýta fjölbreyttari gagnaöflunarleiðir í innra mati.
- Gera umbótaáætlun þar sem kemur fram hverjir koma að umbótum, tímasetningar, leiðir, ábyrgðaraðilar og hvenær og hvernig á að meta umbætur.

### Helstu styrkleikar í skólabrag

- Jákvæður skólabragur einkennir samstarfið í skólanum.
- Áhersla er á öryggi nemenda og jafnan rétt allra.
- Í skólanum ríkir það viðhorf að allir séu samábyrgir fyrir góðu skólastarfi.
- Félagsfærni og sjálfsmynd nemenda er eflað á ýmsan hátt.
- Nemendur taka virkan þátt í skipulagi skólastarfs m.a. í „frjálsu námi“ í síðasta hluta hvernar spannar.
- Nemendum er kennt að bera ábyrgð á námi sínu.
- Á vettvangi var góður vinnufriður í kennslustundum.

### Helstu tækifæri til umbóta

- Fjalla um jákvæðan skólabrag í skólanámskrá ásamt leiðum skólans til að viðhalda honum.
- Vinna með einkunnarorð skólans þannig að ljóst sé hver þau eru og hvernig þau fléttast inn í skólastarfið.
- Gera skólareglur sýnilegar í kennslurýmum skólans.

## Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahtutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt.

Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2013 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4	grænt	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5	Grænt og gult	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Meiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5	gult	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Meiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5	rautt	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum.

## Upplýsingar um Brúarássskóla

Brúarárskóli er samrekinn leik- og grunnskóli. Hann er á Fljótsdalshéraði og var stofnaður árið 1979. Í sömu byggingu er einnig Tónlistarskóli Norður-Héraðs og er mikil samvinna á milli.

Einkunnarorð skólans eru: hver og einn er einstakur.

Í skólanum er 41 nemandi á 1. önn 2018 Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	0	2	4	8	1	5	6	3	8	4
Fjöldi bekkjardeilda										
Samkennsluhópar, ef við á.	2.-3. bekkur			6.-7. bekkur			8-10. bekkur			
	4.-5. bekkur									

Í skólanum eru fjórir nemendur með íslensku sem annað tungumál. Þrír nemendur hafa einstaklingsnámskrár eða aðlagað námsefni og njóta sérkennslu. Fjöldi eða hlutfall nemenda af erlendum uppruna eru 7/41

Engar kennslustundir hafa fallið niður á skólaárinu. Enginn nemandi stundar nú nám á öðru skólastigi. Fjöldi starfsmanna; skólastjóri í 80% stöðu, 6,45 stöðugildi kennara (þar af 0,4 leiðbeinandi og 0,2 sérkennari) 4,4 staða almennra starfsmanna.



# Niðurstöður

## Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Faglegt samstarf og samræða	Samvirkni í stefnumótun	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-----------------------------	-------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

### 1.1 Faglegt samstarf og samræða

Skólastjóri hefur miklar væntingar til náms nemenda og hvetur kennara til að vera stöðugt að þróa kennsluhætti sína og bæta gæði náms. Með Brúarverkefni er skapað svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun. Brúarverkefni er verkefni sem hefur verið í þróun frá árinu 2015 og eins og segir á heimasíðu skólans: „*Færir skólastarfið úr viðjum námsgreinakennslu og yfir í að kenna viðfangsefni og flétta námsgreinar þar inn í*“. Skólaárinu er skipt í fjórar spannar sem hafa ólíkar áherslur. Í fyrsta hluta hvefrrar spannar er stýrt nám, í öðrum hluta hálfstýrt nám og í þriðja hluta frjálst val. Í lok hvefrrar spannar halda nemendur kynningu á sínum verkefnum fyrir nemendur og starfsfólk og foreldrum boðið að sjá afraksturinn.

Reglulegir faglegir samstarfsfundir eru haldnir þar sem fram fer gagnrýnin samræða um starfshætti. Þar er m.a. rætt um árangur og aðferðir.

Skólastjóri fylgist með og sér um að niðurstöður ytra gæðamats s.s. varðandi framfarir nemenda og líðan þeirra séu skráðar og nýttar til að efla starf skólans.

Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild og að lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum. Skólastjóri er virkur í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsþróunar og er Brúin besta dæmi um það og öðrum til eftirbreytni.

### 1.2 Samvirkni í stefnumótun

Skólanámskrá uppfyllir ekki öll viðmið aðalnámskrár og má þar nefna starfsemi skólans frá stofnun og útfærslu skólans á grunnþáttum menntunar. Ekki eru í skólanámskrá árganganámskrár/námsvísar þar sem hægt er að sjá samfellu í námi allra árganga í öllum fögum. Hins vegar ef rýnt er í núverandi og eldri kennsluáætlanir í Brúinni má sjá að markmið í öllum námsgreinum koma þar við sögu. Þær eru ekki birtar á heimasíðu eins og lög gera ráð fyrir.

Áherslur skólans koma fram í umfjöllun á heimasíðu svo sem Grænfána verkefni, Brúin, heilsueflandi skóli. Stefna skólans er fyrst og fremst rædd og ákveðin af starfsmönnum. Skólinn hefur mótað sér einkunnarorð: Hver og einn er einstakur en þau eru ekki ljós í vitund fólks miðað við það sem kom fram í rýnihópum og ekki beint rætt um í skólanámskrá hvernig þau fléttast inn í almennt skólastarf.

Að mati viðmælenda leggur skólastjóri áherslu á það jákvæða í umfjöllum um skólastarfið og foreldrum er markvisst kynnt sýn og stefna skólans með því að þeim er boðið á kynningar í lok hvefrrar spannar í Brúarverkefni.

Stefna Fljótsdalshéraðs í menntamálum var unnin veturinn 2007 og gildir til 2023. Hins vegar hefur hún ekki verið endurskoðuð en hún byggir m.a. á SVÓT greiningu sem fór fram árið 2007 og margt hefur breyst síðan, bæði hvað varðar samfélag og einnig menntastefnu yfirvalda t.d. með nýrri aðalnámskrá. Því er ekki raunhæft að bera saman stefnu sveitarfélags og skóla en vissulega eru í

stefnu sveitarfélagsins falleg markmið sem alltaf eru í gildi: *að hlúð verði að skólabrag sem einkennist af áhuga, einlægni og gleði í starfi. Starfsemi menntastofnana sveitarfélagsins laði að sér vel menntað, metnaðarfullt og ánægt starfsfólk sem taki höndum saman við nemendur og samborgara um að byggja upp samfélag sem drifið er áfram af þekkingarsköpun og -miðlun.*

### 1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Skólastjóri byggir upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, bæði formleg og óformleg. Þar má nefna reglubundnar heimsóknir í lok hverrar spannar, fréttir á heimasíðu þar sem sérstaklega er lögð rækt við að segja frá jákvæðum viðburðum og svo hefðbundin foreldraviðtöl. Þá má nefna árlega menningarferð til Akureyrar sem farin er í samstarfi við foreldrafélagið.

Á heimasíðu kemur fram að skólaráðið er stýrihópur í verkefnum Heilsuefandi skóli og starfar einnig sem matsnefnd í innra mati auk þeirra verkefna sem lög gera ráð fyrir. Skólaráð fundar tvisvar sinnum á skólaárinu, fundargerðir skólaráðs eru á heimasíðu en ekki starfsáætlun.

Foreldrar taka þátt í könnun í Skólápúlси en ekki er formlega leitað eftir hugmyndum þeirra að eflingu skólustarfs að öðru leyti nema í gegnum fulltrúa í skólaráði.

Á heimasíðu er rætt um samskipti við grenndarsamfélagið svo sem tónlistarskólann, vinaskóla í Færeyjum, aðra grunnskóla á Héraði, framhaldsskóla og ungmennafélagið Ásinn.

### 1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi sem hluti af daglegu starfi skólastjóra og niðurstöður þess eru nýttar. Þó skólastjóri hafi ekki fasta kennsluskyldu sinnir hann forfallakennslu og tekur fullan þátt í nýbreytni og þróunarverkefnum svo sem í Brúarverkefni.

Mikill tími hefur farið hjá skólastjóra og kennurum í að innleiða verkefnið Brúna og kom fram í rýnihópaviðtölum að takmarkaður tími er til að sinna annarri þróunarvinnu. Þó verkefnið hafi verið í þróun síðan árið 2015 er enn þá verið að innleiða ný verkefni innan þess sem krefjast mikils undirbúnings.

Að sögn viðmælenda er ekki auðvelt að fá utanaðkomandi ráðgjöf og stuðning við þróunarverkefnið Brúna, m.a. vegna sérstöðu þess á landsvísu. Verkefnið er hins vegar iðulega kynnt fyrir öðrum til eftirbreytni. Í símenntunaráætlun er gert ráð fyrir fræðslu um útikennslu og rafræna kennsluhætti sem tengja má þessu verkefni.

### 1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans og störf skólastjóra farsæl. Þetta má sjá í niðurstöðum kannana í Skólápúlси en viðmiðin eru niðurstöður annarra skóla sem hann nýta. Daglegt starf er vel skipulagt og ágreiningur leystur sem allra fyrst ef upp kemur.

Helstu upplýsingar um skólustarfið eru aðgengilegar á heimasíðu en nokkuð flókið er að finna upplýsingar og þær aðeins misvísandi. Sem dæmi um það eru upplýsingar um skólaráð og sjálfsmat skólans eftir því hvar eftir þeim er leitað.

Að sögn viðmælenda í rýnihópum eru skólareglur ákveðnar og endurskoðaðar af starfsfólki skólans en aðrir hagsmunaaðilar koma þar ekki að. Nemendur í rýnihópi sögðu að þeim væri kynnt netöryggi. Í sveitarfélaginu er unnið að breytingum vegna nýrra laga um persónuvernd og er hafin vinna í því í grunnskólum sveitarfélagsins. Í því ferli verða starfsfólki kynntar nýjar reglur og verktakar og aðrir sem koma í skólann tímabundið munu undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu.

Á heimasíðu er fjallað um skólaráð en ekki kemur fram hvaða nemendur eiga þar fulltrúa en í umfjöllun um nemendafélag kemur fram hvaða fulltrúar sitja þar. Að mati viðmælenda í rýnihópum fá nemendur ekki beinlínis þjálfun í að vinna í ráðum og nefndum en með bekkjarfundum og mörgum kynningum á verkefnum sínum fá nemendur þjálfun í framsögn og að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Í Lestrarstefnu kemur fram hvaða skimanir og kannanir eru gerðar til að fylgjast með framgangi lestrar en ekki til hvaða aðgerða er gripið ef nemendur ná ekki markmiðum.

#### 1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Skólastjóri vinnur markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu.

Skólastjóri fylgist með störfum kennara á þann hátt að hann tekur þátt í faglegum fundum og með því að líta inn í kennslustofur við og við en fylgist ekki reglulega með kennslu með því markmiði að veita endurgjöf.

Ekki liggur fyrir móttökuáætlun um nýja starfsmenn en að mati viðmælenda í svo fámennum skóla þá er vel haldið utan um starfsmannahópinn í heild, þar með talið nýliða. Einnig getur skólinn stuðst við starfsmannastefnu sveitarfélagsins.

Starfsmenn skólans eru með spjallþráð þar sem þeir geta deilt hugmyndum og upplýsingum. Kennarar funda reglulega einu sinni í viku en starfsmannafundir eru þrisvar á ári og í samtölum við starfsmenn kom fram að upplýsingagjöf væri því stundum ábótavant. Hins vegar kom fram að í svo litlum skóla eru óformlegar leiðir mikið nýttar. Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári og niðurstöður þeirra skráðar. Ekki er til skipurit fyrir skólann eins og reglur segja til um.

#### 1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og efla leiðtogahæfni sína. Starfsfólki finnst það njóta trausts og hópurinn lítur á sig sem eina liðsheild.

Ýmis verkefni eru tíunduð á heimasíðu skólans svo sem verkefnið *Skólar á grænni grein, Heilsuefandi skóli, Vinaliðaverkefnið og Byrjendalæsi*.

Skólastjóri hvetur starfsmenn til að huga að heilsu sinni og fram kemur að starfsfólk hefur farið í gönguferðir, reglulega eru heilsufarsmælingar og hægt er að sækja um heilsustyrk hjá sveitarfélagi.

#### Styrkleikar

- Skólastjóri hefur miklar væntingar til náms nemenda og hvetur kennara til að vera stöðugt að þróa kennsluhætti sína og bæta gæði náms.
- Skólastjóri vinnur markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu.
- Með Brúarverkefni er skapað svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun.
- Á heimasíðu koma fram upplýsingar um þróunar- og nýbreytniverkefni og er Brúin þar í fararbroddi.
- Haldnir eru reglulega faglegir samstarfsfundir þar sem fram fer gagnrýnin samræða um starfshætti.
- Stuðlað er að góðum samskiptum við foreldra, m.a. með reglubundnum heimsóknum foreldra í lok hvernar spannar og með árlegri menningarferð til Akureyrar.
- Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild.
- Skólastjóri byggir upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, bæði formleg og óformleg.

- Á heimasíðu koma fram fjölbreytt samskipti við grenndarsamfélagið svo sem tónlistarskólann, vinaskóla í Færeyjum, aðra grunnskóla á Héraði, framhaldsskóla og ungmennafélagið Ásinn.
- Sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans eins og fram kemur í könnunum í Skólapúlsi.
- Starfsmenn skólans eru með spjallþráð þar sem þeir geta deilt hugmyndum og upplýsingum.

#### Tækifæri til umbóta

- Gera skólanámskrá þannig að hún uppfylli öll viðmið aðalnámskrár.
- Birta kennsluáætlanir/árgangaáætlanir á heimasíðu þar sem hægt er að sjá samfellu í námi nemenda í öllum fögum.
- Fjölga almennum starfsmannafundum.
- Huga að því við endurskoðun skólareglna að allir hagsmunaaðilar komi þar að.
- Sjá til þess að nemendur í skólaráði séu kosnir til tveggja ára og séu virkir í starfi skólaráðs, m.a. með setu á öllum fundum ráðsins.
- Að skólaráð setji sér vinnuáætlun.
- Að skólaráð haldi einn opinn fund á ári fyrir hagsmunaaðila sbr. reglugerð þar um.
- Að fylgjast reglulega með kennslu með það að markmiði að veita endurgjöf.
- Uppfæra heimasíðu svo auðveldara sé að ná þar í upplýsingar um skólastarfið.
- Gera grein fyrir í skólanámskrá hvernig brugðist er við niðurstöðum skimana og mats.
- Gera skipurit fyrir skólann.

## Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

### 2.1 Inntak og námskrá

Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum og hæfileikum nemenda. Með Brúarverkefni er reynt að sjá til þess að sérhver nemandi fái nám og kennslu í samræmi við ákvæði laga og áherslur aðalnámskrár. Mikilvægt er að það komi skýrt fram hvernig viðmiðum um kennsluskyldu í hverju fagi er mætt. Með stýrðu, hálfstýrðu og frjálsum námi í hverri spönn ættu verkefni að vera hæfilega krefjandi fyrir nemendur.

Kennsluáætlanir endurspegla áherslur aðalnámskrár og á heimasíðu er að finna lestrarstefnu skólans en ekki er beinlínis hægt að sjá hvernig grunnþættir menntunar fléttast inn í faglegt starf hans. Kennsluáætlanir hveurrar spannar eru sendar til foreldra og því aðgengilegar bæði nemendum og foreldrum.

Á heimasíðu kemur fram að lykilhæfni nemenda er metin í nóvember, í febrúar er frammistöðumat hjá nemendum og að vori fá nemendur skriflegan vitnisburð. Ekki er greint frá því í kennsluáætlunum hvernig námsaðlögun er háttað í hverju viðfangsefni en í Brúarverkefni er hægt að hafa verkefni við hæfi hvers og eins.

Sérkennari kemur reglulega í skólann og sér um skimanir til að finna nemendur með sértæk vandamál, hann sinnir einnig sérkennslu og kennir þá nemendum einslega. Annar stuðningur fer fram innan samkennsluhópa.

### 2.2. Árangur náms

Kennslan byggir á þeirri stefnu að allir nemendur geti tekið framförum með viðeigandi náms- og kennsluáðferðum. Reglulega er fylgst með árangri nemenda og hann skráður og unnið með niðurstöður námsmats til að auka árangur og framfarir nemenda.


Undanfarin ár kemur fram í könnunum Skólapúlsins að líðan nemenda í skólanum er mjög góð ef miðað er við aðra sem taka slíkar kannanir. Samræmd viðmið um leshraða má sjá í Lesferli en að öðru leyti er ekki gerð grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá. Foreldrar geta fylgst með framvindu náms barna sinna í hæfnikortum í Mentor.

#### Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnarkvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30.


Á myndunum hér á eftir má sjá samantekt á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa í Bráarásskóla en þar sem fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu fyrir einstök ár er sýnt uppsafnað meðaltal.

#### 4. bekkur




Árangur í íslensku hefur dalað frá því að vera nokkuð yfir landsmeðaltali á tímabilinu 2007-2009 í að vera langt undir meðaltali á tímabilinu 2014-2017. Árangur í stærðfræði hefur vaxið þó nokkuð og var rétt undir landsmeðaltalinu á tímabilinu 2014-2017.

#### 7. bekkur



Árangur í íslensku var um og rétt undir landsmeðaltali á tímabilinu 2009-2014 en hefur dalað töluvert og er nú nokkuð undir meðaltali. Árangur í stærðfræði hefur verið vel undir landsmeðaltali en hefur vaxið aftur á tímabilinu 2015-2017.

## 10. bekkur




Árangur nemenda 10. bekkjar hefur verið í kringum landsmeðaltal í öllum metnum fögum en hefur dalað þó nokkuð á tímabilinu 2015-2017 sérstaklega í ensku. Samræmd próf voru ekki haldin hjá 10. bekk árin 2009, 2012 og 2016.

Skólinn nýtir Lesferil til viðmiðunar fyrir leshraða í öllum árgöngum.

### 2.3 Gæði kennslu

Störf kennara endurspegla stefnu og markmið skólans um kennsluhætti og mátti sjá það á vettvangi. Kennarar sýna fagmennsku í kennslu og bekkjarstjórn. Kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og má meðal annars sjá það á töflu hér fyrir neðan.




Þar kemur fram að fræðandi kennslustundir (bein kennsla) voru í tæplega 60% kennslustunda. Leiðbeinandi eða lausnarmiðaðar kennslustundir voru á vettvangi yfir 30% kennslustunda. Hafa

verður í huga að matsmenn voru á vettvangi í 16 kennslustundum og þar af voru tvær stuttar kennslustundir að morgni svo prósentuviðmiðin eru aðeins miðuð við 14 kennslustundir.

Markmið kennslu og verkefna eru skráð í kennsluáætlunum og námsmat tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum. Það er fjölbreytt og tekur mið af kennsluháttum.

#### 2.4 Skipulag náms

Kennarateymi vinna saman að skipulagi náms innan tveggja til þriggja árganga þar sem um samkenndu er að ræða. Skipulag náms gerir ráð fyrir aðstæðum til sjálfstæðs náms og samvinnu nemenda. Verkefni nemenda eru að mestu leyti samþætt og heildstæð, Brúarverkefni. Á töflu hér á eftir má sjá að á vettvangi unnu nemendur einstaklingslega í yfir 70% kennslustunda sem er nokkru meira en meðaltal skóla sem metnir hafa verið sýna. Einnig kemur fram að samvinna nemenda var á vettvangi í 15% stunda sem er svipað og meðaltal annarra skóla. Blanda af hvoru tveggja, þar sem einstaklingsvinnu og samvinnu má sjá í sömu kennslustund var vart teljandi. Umræður og skoðanaskipti voru því ekki markvisst notuð nema í litlum mæli. Eins og sjá má í kafla 2.3 voru aðeins 14 kennslustundir metnar á þennan hátt.



Nemendasamtöl eru að lágmarki tvisvar á hverju skólaári þar sem umsjónarkennari ræðir einslega við nemendur um nám og líðan.

Nemendur nýttu upplýsingatækni í 14% kennslustunda á vettvangi og sama gilti um kennara. Nemendur hafa aðgang að fjölbreyttum námsgögnum og grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt. Þar má nefna að í verkefni um Jökuldalsheiði kom í heimsókn maður úr héraði sem hafði alist upp á býli þar og sagði nemendum frá aðstæðum þess tíma.

Í fleiri en einum rýnihópi kom fram að það þyrfti að bæta tölvubúnað í skólanum og endurnýja tól og tæki í verknámsstofum.



## 2.5 Námsvitund

Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum. Áhugasvið og hæfileikar nemenda koma fram í verkefnum þeirra ekki síst í þeim spönnum sem þeir hafa frjálst val. Þar eru þeir hvattir til að taka frumkvæði og bera ábyrgð á eigin námi.

Þrátt fyrir að markmið séu tilgreind í kennsluáætlunum kom fram í viðtölum við nemendur að þau eru þeim ekki ljós. Einstaklingsnámskrár eru á ábyrgð umsjónarkennara og þær eru ræddar í foreldraviðtölum og eru á Mentor en ekki verið formlega samþykktar af foreldrum með undirskrift. Nemendur hafa ekki aðkomu að gerð þeirra. Nemendur fá þjálfun í að meta eigið nám og vinnu og einnig í því að kynna verkefni sín á fjölbreyttan hátt.

## 2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu, eða eins og einn nemandi orðaði það: „*krökkunum líður vel í skólanum, það er hlustað á okkur og það eru lýðræðisleg vinnubrögð*“. Samvinna og stuðningur virðist ríkja innan nemendahópsins. Nemendur fá víða tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa bein áhrif á nám, aðbúnað og félagsstarf. Þetta gera þeir sem fulltrúar í nemendaráði, í umhverfisráði, í ungmennaráði Fljótsdalshéraðs og á bekkjarfundum.

Fulltrúar nemenda í skólaráði sitja hins vegar ekki alla fundi ráðsins, eingöngu þegar málefni nemenda eru á dagskrá. Það kom fram að í svo fámennum skóla eru boðleiðir stuttar og auðvelt að koma málum á framfæri á óformlegan hátt. Þeir nemendur sem eru kjörnir fulltrúar í ráðum og nefndum geta upplýst aðra nemendur um ákvarðanir með því að kynna málefni sín inni í bekkjum.

### Styrkleikar

- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum og hæfileikum nemenda.
- Kennsluáætlanir hveurrar spannar eru sendar til foreldra og því aðgengilegar bæði nemendum og foreldrum.
- Í könnunum Skólapúlsins sést að líðan nemenda í skólanum er mjög góð.
- Foreldrar geta fylgst með framvindu náms barna sinna í hæfnikortum í Mentor.
- Kennarar sýna fagmennsku í kennslu og bekkjarstjórn.
- Kennsluhættir eru fjölbreyttir, verkefni mörg samþætt og heildstæð; Brúarverkefni.
- Áhugasvið og hæfileikar nemenda koma fram í verkefnum þeirra ekki síst í þeim spönnum sem þeir hafa frjálst val.
- Nemendur fá tækifæri til að kynna verkefni sín á fjölbreyttan hátt.
- Nemendum gefst á ýmsan hátt tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Nemendasamtöl, þar sem umsjónarkennari ræðir einslega við nemanda um nám og líðan, eru a.m.k. tvisvar á hverju skólaári.
- Kennarateymi vinna saman að skipulagi náms.

### Tækifæri til umbóta

- Láta koma fram í áætlunum hvernig grunnþættir menntunar fléttast inn í faglegt starf skólans.
- Sýna þarf fram á hvernig viðmiðum um kennsluskyldu skv. aðalnámskrá í hverju fagi er mætt.
- Finna hvernig hægt er að bæta árangur nemenda í kjarnagreinum sbr. niðurstöður samræmdra könnunarprófa.

- Huga að því að fjölga kennslustundum þar sem samvinna og samstarf nemenda er markvisst nýtt.
- Efla umræður og skoðanaskipti í námi.
- Bæta tölvubúnað skólans og endurnýta tæki í verknámsstofum.
- Gera nemendum betur ljós markmið hvernar kennslustundar.
- Huga að því að nemendur komi að gerð einstaklingsnámskrár þegar við á og að þær séu formlega samþykktar af foreldrum.
- Greina frá því í kennsluáætlunum hvernig námsaðlögun er háttað.
- Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá (ekki eingöngu á Mentor).

## Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

### 3.1 Skipulag

Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega. Í skólanámskrá er fjallað um þær leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt en þar er einkum um að ræða kannanir í gegnum Skólapúlsinn. Ekki liggur fyrir heildstæð innramatsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár þar sem fram koma þátttakendur, ábyrgðaraðilar, tímasetningar, markmið, leiðir og viðmið þar sem það á við.

Kannanir í Skólapúlsi taka á ýmsum þáttum skólstarfs en þar er þó ekki metin sérstaða skólans eins og kennsluhættir sem nýttir eru í Brúnni eða metin verkefni eins og Grænfáninn og Heilsueflandi skóli.

### 3.2 Framkvæmd

Nám og kennsla er metið reglulega og er hluti af daglegu starfi kennara og stjórnenda. Það mat fer að mestu fram á faglegum fundum kennara, þar sem verkefni eru rædd og metin jafnóðum. Í gegnum skólaráð eiga hagsmunaaðilar að geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats enda kemur fram að skólaráðið er raunverulega matsteymi skólans. Í viðtölum kom þó fram að fulltrúar í skólaráði taka ekki beinan þátt í að forgangsraða og velja leiðir eða verkferla.

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli en ekki er um fjölbreyttar gagnaöflunarleiðir að ræða samkvæmt því sem kemur fram í sjálfsmatsskýrslu skólans.

### 3.3 Umbætur

Greinargerð um innra mat liðins árs er til staðar og í henni er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta varðandi þætti sem komu fram í könnunum í Skólapúlsi. Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eru þær kynntar í skólaráði, fyrir fræðslunefnd og á starfsmannafundi. Á sama vettvangi fara fram umræður um umbætur. En niðurstöður eru ekki kynntar formlega fyrir nemendum og foreldrum að öðru leyti en að þær má sjá á heimasíðu skólans.

Ekki er til umbótaáætlun þar sem koma fram ábyrgðaraðilar, verkferlar, tímasetningar, viðmið, þátttakendur og hvenær og hvernig árangur er metinn. Að mati viðmælenda er reynt að bregðast fljótt við þeim umbótum sem þörf er á. Allir viðmælendur gátu sagt frá umbótum sem raktar eru til innra mats.

#### Styrkleikar

- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram reglulega.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Í gegnum skólaráð geta hagsmunaaðilar haft áhrif á innra mat skólans.
- Sjálfsmatsskýrsla liðins árs er til staðar.
- Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar hagsmunaaðilum.

#### Tækifæri til umbóta

- Gera árlega innramatsáætlun þar sem fram koma þátttakendur, tímasetningar, leiðir, markmið, ábyrgðaraðilar og viðmið.
- Gera langtímaáætlun í innra mati (3-5 ár).
- Finna leiðir til að meta reglulega sérstöðu skólans.
- Virkja betur skólaráðið sem innra mats teymi við ákvarðanatöku um innra mat.
- Nýta fjölbreyttari gagnaöflunarleiðir í innra mati.
- Gera umbótaáætlun þar sem koma fram þátttakendur, tímasetningar, leiðir, ábyrgðaraðilar og hvenær og hvernig á að meta umbætur.

## Þáttur 4 – Skólabragur

### 4.1 Stefna og viðhorf

Jákvæður skólabragur einkennir skólafarfið, það fundu matsmenn á vettvangi og kom fram í viðtölum við rýnihópa. Með fjölbreyttum samskiptum milli heimila og skóla er lögð áhersla á jákvæðni og í skólanum ríkir það viðhorf að allir séu samábyrgir fyrir góðu skólafarfi. Áhersla er á öryggi nemenda og jafnan rétt allra.

Einkunnarorð skólans: *Hver og einn er einstakur* eru ekki ljós í vitund viðmælenda í rýnihópum og ekki unnið skipulega með þau í skólafarfinu. Í skólanámskrá er ekki beinlínis fjallað um jákvæðan skólabrag eða gerð grein fyrir því hvernig unnið er að því að viðhalda jákvæðum skólabrag en í starfsáætlun stendur: *Í Brúarásskóla er nemandinn í fyrirrúmi, starfsfólk leggur sig fram um að hlúa að hverjum og einum eins og kostur er, búa viðkomandi undir það að geta orðið nýtur og sáttur þjóðfélagsþegn.*

### 4.2 Líðan nemenda

Umhverfið er heilsueflandi og öruggt þar sem hlúð er að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Reglulega er lagt mat á líðan og samskipti nemenda í skólanum með könnunum í Skólalúsi og þar kemur fram að líðan nemenda er góð þegar litið er til meðaltals þeirra sem taka sams konar könnun. Það kom einnig fram í samtölum við nemendur á vettvangi.

Með reglubundnum kynningum nemenda á verkum sínum, m.a. fyrir foreldra, er unnið að því að efla félagsfærni þeirra, sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd.

Skipulag á skólalóð hvetur til hreyfingar og í skipulagi skólafarfs er hugað að jafnvægi milli vinnu, hvíldar, næringar og hreyfingar. M.a. tekur skólinn þátt í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli.

Í foreldrakönnun í Skólalúsi á síðasta skólaári kom fram að foreldrar telja að hæfilegur agi ríki í skólanum þegar litið er til meðaltals annarra sem taka þátt í Skólalúsi. Á vettvangi var góður vinnufriður í kennslustundum.

### 4.3 Nemendalýðræði

Nemendur fá leiðsögn og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og þeir fá frelsi til að velja verkefni og útfærslu þeirra m.a. í því sem nefnist „Frjálst nám“ sem er að jafnaði þriðji og síðasti hlutinn í hverri spönn. Þannig taka þeir einnig virkan þátt í skipulagi skólafarfs, horft er til styrkleika hvers og eins um leið og ábyrgð þeirra eykst á námi sínu.

Nemendur taka þátt í nemendaráði, í umhverfisráði Grænfána, í skólaráði og í Ungmennaráði Fljótsdalshéraðs.

Nemendasamtöl eru vettvangur hvatningar og endurgjafar til nemenda. Eins og kom fram í kafla um stjórnun þarf að kjósa nemendur í skólaráð til tveggja ára í senn og hafa þá virka þátttakendur á öllum fundum ráðsins.

### 4.5 Verklagsreglur og áætlanir

Áætlun um einelti er til staðar og hún samræmir forvarnir, inngrip og eftirfylgni í eineltismálum.

Skólareglur og viðurlög við þeim eru á heimasíðu skólans en ekki sjáanlega í kennslurýmum. Í rýnihópaviðtölum kom fram að skólareglur eru unnar af starfsmönnum skólans en aðrir hagsmunaaðilar koma þar ekki að. Hins vegar eru reglur skólans sýnilegar í umgengni og samskiptum nemenda og kennara.

### Styrkleikar

- Jákvæður skólabragur einkennir samstarfið í skólanum.
- Áhersla er á öryggi nemenda og jafnan rétt allra.
- Í skólanum ríkir það viðhorf að allir séu samábyrgir fyrir góðu skólastarfi.
- Félagsfærni og sjálfsmynd nemenda er eflid á ýmsan hátt.
- Nemendur taka virkan þátt í skipulagi skólastarfs m.a. í „frjálsu námi“ í síðasta hluta hvernar spannar.
- Nemendum er kennt að bera ábyrgð á námi sínu.
- Skólareglur og viðurlög við þeim eru á heimasíðu skólans.
- Á vettvangi var góður vinnufriður í kennslustundum.

### Tækifæri til umbóta

- Fjalla um jákvæðan skólabrag í skólanámskrá ásamt leiðum skólans til að viðhalda honum.
- Vinna með einkunnarorð skólans þannig að ljóst sé hver þau eru og hvernig þau fléttast inn í skólastarfið.
- Gera skólareglur sýnilegar í kennslurýmum skólans.